

## Vísnasveigur

### Kennsluleiðbeiningar

#### UM LÖGIN

Lögin í þessari útsetningu eru kvæðalög eða stemmur við ferskeytlur sem allar hafa sterka tengingu við náttúruna. Lögin eru fengin úr ýmsum áttum:

**Dýravísur** eru skrifaðar upp eftir minni. Kvæðið er eignað Jóni Steinssyni Bergmann.  
<http://bragi.arnastofnun.is/visur.php?VID=26818>

**Dýrin víða vaknað fá** eru úr Númerímum eftir Sigurð Breiðfjörð. Lagið er skrifað upp eftir hljóðriti; <https://www.ismus.is/i/audio/uid-2f7b7126-f2f0-4b48-84ca-1017fda1f94f>  
Jónas Benedikt Bjarnason kveður.

**Straumur reynir sterkan mátt** er fengið úr Segulböndum Iðunnar (lagboði 218). Vísuna orti Baldvin Halldórsson frá Þverárdal eða Baldvin Jónsson skáldi og stemmuna á Árni Árnason gersemi. Kjartan Hjálmarsson kveður.  
<https://www.rimur.is/ferskeytt5>  
<http://bragi.arnastofnun.is/skag//visur.php?VID=8420>

#### UM ÚTSETNINGUNA

Formið á þessir útsetningu er *rondo* ABACA og aðalþemað eru *taktskipti* í hefðbundnum ferskeyttum bragarhætti: 4,3,4,2.

Lögin eru öll í D dúr nema Straumur reynir sterkan mátt þar sem bæði koma fyrir Fís og F. Fylgirödd 1 styður við taktskiptin með fimmund á fyrsta slagi hvers takts sem spila má divisi ef vill.

Það er bjart yfir þessum vísnum og útsetningin ber svip af því; flaututónar og trillur í fylgirödd 3 lýsa hljóðmyndina.


#### ÆFINGAR OG UPPHITUN

**Syngjum lögin, lærum kvæðin!!!**

Þessi útsetning er tilvalin til að æfa taktskipti.

##### 1. Sláum taktinn

Lærum að slá 2, 4 og 3. Skiptumst á að stjórna hvert öðru á lausum streng eða á hljómi að eigin vali. Prófum að skipta um takt en halda púlsinum.




## 2. Taktskipti 4 2 4 3

a) Spilum fyrsta slagið í hverjum takti á niðurstroki, teljum hin slögin upphátt með.



b) Fyllum upp í taktana en spilum fyrsta slagið áfram á niðurstroki (ath upp-upp í 3/4 taktinum)




c) Prófum fleiri rytma með breytilegum takti, t.d.



### 3. Trillur og mordent – fyrir lengra komna

Athugið: Stærri hljóðfæri kalla á stærri grip og fleiri stillingaskipti og sverir strengir svara seint. Því er þessi æfing meiri áskorun fyrir selló og bassaleikara en fiðlu- og víóluleikara. Aðlagið æfingarnar ykkar hópi miðað við hljóðfærasamsetningu og getustig. Það getur verið nóg að gera hana bara á tveimur nótum.

a) Spilum D dúr og setjum mordent á hverja nótu (innan tóntegundar). Hvílum bogann á strengnum milli nótna og spilum frá streng með örliðu biti.




osfrv.

b) Setjum öfugan mordent á hverja nótu



c) Byggjum upp trillur



Þessa æfingu má gera á hvaða nótu sem er og með þeim fingrasetningum sem henta viðkomandi hljóðfæri.

### TILBRIGÐI

Útsetninguna má leika í heild sinni eða stök lög. Hægt er að breyta röð laganna og endurtaka að vild.

Öll lögin virka sem kvæðalög /stemmur við allar ferskeyttar vísur. Prófið að finna fleiri vísur sem passa!

Hér má finna fjölmargar ferskeytlur:

<https://rimur.squarespace.com/ferskeytlur>

